

STORMUR

Mött veðurþolin útimálning



Gerð: Vatnsþynnanleg mött útimálning.

Notkunarsvið: Einkum ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss bæði við ný- og endurmálun. Málningin er mjög alkalíþolin og má því setja hana beint á steypu. Má nota niður að 2°C og þolir regn fljótlega eftir málun.

Eiginleikar: Mött og vatnsþynnanleg akrýlmálning með frábært alkalí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Hindrar ekki eðlilegt rakagegnumstreymi flatarins. Létt í vinnslu og þekur vel.

Inniheldur hágæða 100 % hreint akrýlbindiefni sem gefur málningunni afburða mikla mótstöðu gegn gulnun og krítun. Einnig myndar hún sveigjanlega filmu sem minnkar líkur á sprungumyndun. Er fljót að taka sig og má því nota við erfiðar aðstæður, eins og þegar að kalt er í veðri eða stutt í næsta skúr.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Stofnar:	HVÍTUR, STOFN A og STOFN C
Litir:	Hægt að lita í fjölda lita.
Gljástig:	Matt (4)
Efnisnotkun:	8-10 m ² /l
Pakkningar:	1, 4 og 10 lítrar
Áhöld:	Pensill, rúlla eða sprauta.
Þurrktími og yfirmálun:	Snertiþurrt 1 klst við 10°C Yfirmálun 4 klst við 10°C
Eðlismassi:	1,2-1,4 g/ml
Þurrefni (rúmmál):	Um 40 %
Geymsla:	Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Eftir opnun skerðist geymsluþol.
VOC:	Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk fyrir þessa vöru (fl. A/c) 40 g/l. Varan inniheldur að hámarki 10 g/l

VERKLÝSING

Notkunar aðstæður:	Hitastig flatar skal vera yfir 2°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%.
Undirbúningur:	Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Steinsteypa og múr skulu vera a.m.k. mánaðar gömul. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun. Nýja fleti sem snúa áveðurs er ráðlagt að sílanbaða og grunna með Steypugrunni eða þynntri Brynju. Lítið hallandi fleti ætti fyrst að mála með Þykkmálningu.
Málun:	Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum. Forðast skal að mála í beinni sól. Varasamt getur verið að mála utanhúss ef von er á náttfalli, rakastig hækkar þegar hitastig lækkar á kvöldin. Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt.
Þynnir:	Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu. Ekki skal geyma þynnta málningu.
Umhverfi:	Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgöngum og tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
Athugið:	Við málun á hraunuðum flötum er ráðlagt að nota þynnta málningu. Þurrktími lengist við viðbót á miklu litarefni. Kynnið ykkur veðurspá, loftraka og mælið flöt með innrauðum hitamæli áður en málað er við mjög krefjandi aðstæður. Viðmiðunar þurrktími við 60% hlutfallsraka er um: 30 mínútur við 20°C, 60 mínútur við 10°C og 2 klst við 5°C. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs.